



Alþingi  
Erindi nr. P 138/449  
komudagur 4.12.2009

Alþingi  
Nefndasvið Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2009  
Tilvísun: 200911-0040

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum, 198. mál**

Alþýðusamband Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lyfjalögum nr.93/1994, með síðari breytingum, 198.mál.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, þingskjali 738 – 464. mál á 135. löggjafarþingi, segir:

*„Afslættir lyfjabúða eins og þeir birtast sjúklingum í dag mismuna þeim eftir búsetu, enda eru þeir flóknir og ógagnsæir og hvetja ekki til notkunar ódýrra lyfja. Afslættir leiða oft til ávísunar og afgreiðslu stærri skammta eða dýrari lyfja en þörf er á. Upplýsingar um afslætti hafa ekki verið aðgengilegar og í raun hafa afslættir í sumum tilfellum komið í veg fyrir samkeppni jafnt á heilðsölu- sem smásölustigi. Að auki virka afslættir sem inngönguhindrun fyrir nýja aðila og auka enn frekar á fákeppni á þessum markaði sem gerir hann óskilvirkari. Til að koma í veg fyrir mismunun er því lagt til að sama verði gildi um land allt. Þetta felur í sér jafnræði og skilvirkni sem er mikilvæg í verslun með lyf eins og í annarri heilbrigðisþjónustu. Til að auka gagnsæi lyfjaverðlagningar og tryggja réttláta samkeppni er lagt til að fyrirtæki sem vilja gefa afslætti, hvort sem er á heilðsölu- eða smásölustigi, geri það með því að tilkynna lækkun á verði til lyfjagreiðslunefndar. Lyfjaheilðsölum, lyfjaframleiðendum, umboðsmönnum þeirra eða smásöluaðilum er gert auðveldara að keppa í verði í lyfjaverðskrá með einfaldri tilkynningu til lyfjagreiðslunefndar. Með smásöluaðila er átt við lyfjabúð(ir), sem rekin er undir einni og sömu kennitölu. Ákvæðið kemur ekki í veg fyrir afslætti á verði vegna útboða á lyfjum fyrir heilbrigðisstofnanir.“*

Þessar athugasemdir við frumvarpið lýsa með ágætum hætti röksemdunum fyrir þeirri breytingu sem gerð var á 42. gr. lyfjalaga með lögum nr.97/2008. Alþýðusambandið er sammála þeim rökum sem fram koma í framangreindum athugasemdum og lýsir andstöðu við fyrirhugaða breytingu sem kveður á um að ákvæði varðandi smásöluaðila á lyfjamarkaði verði fellt á brott úr 42. gr. laganna.



Alþýðusambandið gerir að auki eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Lyfsölum sem starfrækja lyfjabúðir innan sömu keðju verður skv. frumvarpinu áfram heimilt að selja lyf á mismunandi verði milli sölustaða, með því að veita mis háa afslætti af hámarksverði í lyfjaverðskrá. Þannig er t.a.m. mögulegt að selja lyf á hærra verði á stöðum þar sem lítil eða enginn samkeppni er nærri en lækka verð á þeim útsölustöðum þar sem samkeppni er fyrir hendi. Á fákeppnismarkaði, eins og smásölumarkaður með lyf er héraendis, getur þetta skapað aðgangshindranir fyrir nýja aðila og dregið úr samkeppni.

Lyf er ólík öðrum neytendavörum þar sem þau eru í reynd mikilvægur hluti af heilbrigðiskerfinu. Það er réttlætismál að jafnræðis sé gætt í verðlagningu á þessari heilbrigðisþjónustu eins og annarri, gagnvart öllum neytendum, hvar sem er á landinu.

Núverandi afsláttarkerfi lyfsala á smásölumarkaði er flókið og ógangsætt og í reynd er ógerningur fyrir almenna neytendur að afla sér upplýsinga um endanlegt smásöluverð lyfja hjá einstaka söluaðilum nema með miklum tilkostnaði og fyrirhöfn. Birting á endanlegu smásöluveri einstakra lyfsala í lyfjaverðskrá, eins og til stóð, væri mikilvægt upplýsinga- og eftirlitstæki fyrir almenning og stjórnvöld. Með notendavænu viðmóti hefðu neytendur einstakt tækifæri til þess að afla sér upplýsinga um söluverð lyfja hjá smásöluaðilum sem skapa mundi nauðsynlegt aðhald á þessum viðkvæma markaði.

F.h. Alþýðusambands Íslands

---

Henný Hinz  
hagfræðingur